



**148. fundur
leikskólanefndar
haldinn í leikskólanum Marbakka,
fimmtudaginn 19. janúar 2023 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Matthías Páll Imsland, Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, Hermann Ármannsson, Jóhanna Pálsdóttir, Hreiðar Oddsson, Eva Sjöfn Helgadóttir, Karen Rúnarsdóttir, Bryndís Baldvinsdóttir, Sigríður Kristín Sigurðardóttir, Guðrún B I le Sage de Fontenay, Anna Birna Snæbjörnsdóttir og Sigurlaug Bjarnadóttir.

Fundargerð ritaði: Sigurlaug Bjarnadóttir, Deildarstjóri Leikskóladeildar

Alda Agnes Sveinsdóttir leikskólastjóri í Marbakka kynnti starfsemi og áherslur í starfi leikskólans. Leikskólanefnd þakkar fyrir góða kynningu og veitingar á fundinum.

Dagskrá:

1. 2212548 - Skemmtilegri leikskólalóðir.

Tillögur um framkvæmdir á leikskólalóðum fyrir árið 2023 lagt fram til samþykktar.

Leikskólanefnd samþykkir tillögu að forgangsröðun um endurbætur leikskólalóða á árinu 2023 fyrir sitt leyti og vísar tillögunni áfram til samþykktar bæjarráðs.

2. 23011496 - Leikskóladeild-sumarlokun leikskóla.

Tillaga að sumarlokun leikskóla Kópavogis fyrir sumarið 2023 lagt fyrir til samþykktar.

Leikskólanefnd leggur til að eftirleiðis verði sumarlokun leikskóla fjórar vikur, frá hádegi á þriðjudegi í annarri viku júlímánaðar, til hádegis á fimmtudegi í annarri viku ágústánaðar. Fyrir skólaárið 2023 er sumaropnum frá kl. 13.00, þriðjudaginn 11. júlí og til kl. 13.00, fimmtudaginn 10. ágúst.

Þetta eykur fyrirsjáanleika fyrir fjölskyldur og starfsfólk leikskóla. Foreldrar geta gengið að því vísu hvert upphaf og lok skólaárs er. Þessi tími sumarsins hefur undanfarin ár ávallt orðið fyrir valinu í könnun meðal foreldra og starfsfólks leikskóla.

3. 23011495 - Leikskóladagatal fyrir skólaárið 2023-2023

Tillaga að sameiginlegum skipulagsdögum fyrir skólaárið 2023 - 2024 lagt fram til samþykktar.

Leikskólanefnd samþykkir leikskóladagatal fyrir skólaárið 2023-2024.

4. 23011495 - Fagrabrekka óskar eftir 6. skipulagsdegi vegna námsferðar erlendis.

Leikskólinn Fagrabrekka óskar eftir viðbótar skipulagsdegi fyrir skólaárið 2022 - 2023 vegna námsferðar erlendis.

Leikskólanefnd samþykkir beiðni leikskólans Fögrubrekku um viðbótar skipulagsdag vegna námsferðar erlendis, enda samræmist það verklagsreglum um skipulagsdaga og skóladagatöl leikskóla, með fyrirvara um samþykki foreldraráðs.



5. 23011495 - Kópahvoll óskar eftir 6. skipulagsdegi vegna námsferðar erlendis.
Leikskólinn Kópahvoll óskar eftir viðbótar skipulagsdegi fyrir skólaárið 2022 - 2023 vegna námsferðar erlendis.
Leikskólanefnd samþykkir beiðni leikskólans Kópahvols um viðbótar skipulagsdag vegna námsferðar erlendis, enda samræmist það verklagsreglum um skipulagsdaga og skóladagatöl leikskóla.
6. 23011495 - Kópasteinn óskar eftir 6. skipulagsdegi vegna námsferðar erlendis.
Leikskólinn Kópasteinn óskar eftir viðbótar skipulagsdegi fyrir skólaárið 2022 - 2023 vegna námsferðar erlendis.
Leikskólanefnd samþykkir beiðni leikskólans Kópasteins um viðbótar skipulagsdag vegna námsferðar erlendis, enda samræmist það verklagsreglum um skipulagsdaga og skóladagatöl leikskóla með fyrirvara um samþykki foreldraráðs.
7. 23011495 - Lækur óskar eftir 6. skipulagsdegi vegna námsferðar erlendis.
Leikskólinn Lækur óskar eftir viðbótar skipulagsdegi fyrir skólaárið 2022 - 2023 vegna námsferðar erlendis.
Leikskólanefnd samþykkir beiðni leikskólans Lækjar um viðbótar skipulagsdag vegna námsferðar erlendis, enda samræmist það verklagsreglum um skipulagsdaga og skóladagatöl leikskóla.
8. 23011495 - Rjúpnahæð óskar eftir 6. skipulagsdegi vegna námsferðar erlendis.
Leikskólinn Rjúpnahæð óskar eftir viðbótar skipulagsdegi fyrir skólaárið 2022 - 2023 vegna námsferðar erlendis.
Leikskólanefnd samþykkir beiðni leikskólans Rjúpnahæðar um viðbótar skipulagsdag vegna námsferðar erlendis, enda samræmist það verklagsreglum um skipulagsdaga og skóladagatöl leikskóla, sem fyrirvara um samþykki foreldraráðs.
9. 2204057 - Daggæsla-Umsókn og endurnýjun á leyfi. Þjónustusamningar 2021-2023
Umsókn um endurnýjun á leyfi til daggæslu barna í heimahúsi lögð fram til samþykktar.
Leikskólanefnd samþykkir endurnýjun á leyfi til daggæslu barna í heimahúsi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.00.


